



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði áranna 2018 - 2020

2020

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu níu mánuðum áráanna 2018, 2019 og 2020. Tölurnar eru teknar saman í október og nóvember en birtar í nóvember 2020. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í sérstakri samantekt árlega. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu níu mánuðum áráanna 2018, 2019 og 2020.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 14,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 miðað við árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 27,5% ef miðað er við fyrstu níu mánuði ársins 2018. Fjöldi tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 var 9.570 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði í Reykjavík, höfuðborgarsvæði sem og á landsbyggðinni, miðað við árið á undan.

Flestar tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 43,3% tilkynninga. Þetta hlutfall var rétt yfir 42% á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 og 2018. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 var 28,7%, 26,1% fyrir sama tímabil árið á undan og 24,5% á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 26,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2020, 30,8% fyrir sama tímabil árið á undan og 31,9% á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu voru 1.550 og er það 16,2% allra tilkynninga sem hafa borist á fyrstu níu mánuðum ársins 2020. Árið 2019 voru tilkynningar vegna áfengis- og eða fíkniefnaneyslu foreldra, 1.221 sem er 14,6% allra tilkynninga sem bárust á fyrstu níu mánuðum ársins og 1062 eða 14,2% fyrir sama tímabil árið 2018. Fjöldi tilkynninga um líkamlegt ofbeldi var 634 á fyrstu níu mánuðum ársins 2020. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2019 barst 481 tilkynning vegna líkamlegs ofbeldis og hefur tilkynningum því fjölgað um 31,8% milli ára.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 38,8% tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2020, hlutfallið var 44,0% fyrir sama tímabil árið á undan og 43,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Þá hefur verið mikil fjölgun tilkynninga frá nágrönnum á milli ára. Í ár bárust 802 tilkynningar frá nágrönnum, er það 39,7% fleiri tilkynningar en bárust í fyrra.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 var 7.552 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 6.675 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 miðað við sama tímabil árið á undan úr 103 umsóknum í 117. Umsóknir voru 129 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Flestar umsóknir bárust um MST meðferð. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggð eða 41,0% og er það breyting frá 2019 og 2018. Fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin. Fækkun hefur verið á umsóknum vegna annarra meðferðarheimila en Stuðla, þ.e. Laugalands eða Lækjarbakka, en á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 bárust 9 umsóknir, samanborið við 15 árið á sama tímabili ársins á undan, og 17 árið 2018.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili voru svipaðar á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 en fækkaði úr 121 beiðni í 119 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 91 á fyrstu

nú mánuðum ársins 2018. Beiðnum um tímabundið fóstur fækkaði miðað við árið á undan og flestar beiðnir bárust frá Reykjavík eða 42,0% á fyrstu níu mánuðum ársins 2020. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi öll árin.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 163 á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 í 228 fyrir sama tímabil á árinu 2020, en þau voru 173 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Skýrslutökur fyrir dómi voru 149 á fyrstu níu mánuðum ársins 2020, 88 fyrir sama tímabil árið á undan en 91 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 75 á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 í 79 fyrir sama tímabil á árinu 2020, en þau voru 82 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 var 99 börn, en þau voru 84 fyrir sama tímabil árið og undan og 85 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 159 í 124 á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistanir voru 182 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Vistunardögum fækkaði úr 883 dögum á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 í 597 daga fyrir sama tímabil á árinu 2020, en vistunardagar á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 voru 1.040. Alls komu 58 börn á lokaða deild á fyrstu níu mánuðum ársins 2020, en þau voru 65 fyrir sama tímabil á árinu 2019 og 69 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fjölgaði um eina miðað við árin á undan, voru 38 á fyrstu níu mánuðum ársins 2020, 37 fyrir sama tímabil á árinu 2019 og 54 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.221	42,9	3.550	42,4	3.894	40,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.980	26,4	2.222	26,6	2.507	26,2
Landsbyggð	2.304	30,7	2.598	31,0	3.169	33,1
Samtals	7.505	100	8.370	100	9.570	100


¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	4.017	53,5	4.501	53,8	5.304	55,4
Stúlkur	3.409	45,4	3.805	45,4	4.154	43,4
Ekki vitað ¹	79	1,0	64	0,8	112	1,2
Samtals	7.505	100	8.370	100	9.570	100

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði¹

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.246	38,3	2.622	39,3	2.824	37,4
Nágrenni Reykjavíkur ²	1.674	28,6	1.858	27,8	2.082	27,6
Landsbyggð ³	1.940	33,1	2.195	32,9	2.646	35,0
Samtals	5.860	100	6.675	100	7.552	100

¹ Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

² Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

³ Upplýsingar um fjölda tilkynninga hefur ekki borist varðandi allt tímabilið frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar, Fjölskyldu- og velferðarráði Suðurnesjabæjar og Voga og Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.187	54,4	3.610	54,1	4.186	55,4
Stúlkur	2.634	44,9	3.026	45,3	3.301	43,7
Ekki vitað ¹	39	0,7	39	0,6	65	0,9
Samtals	5.860	100,0	6.675	100	7.752	100,0

¹ Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

**Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál)
eða ákveðið var að hefja könnun**

	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	4.267	73,8 ¹	4.599	68,9 ¹	5.290	70,0 ¹
Drengir	2.282	53,5	2.439	53,0	2.816	53,2
Stúlkur	1.951	45,7	2.130	46,3	2.421	45,8
Ekki vitað ²	34	0,8	30	0,7	53	1,0
Alls %		100		100		100
Þar af nýjar kannanir	2.133	36,4 ¹	2.253	33,8 ¹	2.312	30,6 ¹
Drengir	1.130	53,0	1.191	52,9	1.194	51,6
Stúlkur	983	46,1	1.050	46,6	1.079	46,7
Ekki vitað ²	20	0,9	12	0,5	39	1,7
Alls %		100		100		100

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

² Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	3.185	42,4	3.541	42,3	4.151	43,3
<i>Drengir</i>	1.661	52,2	1.733	48,9	2.175	52,4
<i>Stúlkur</i>	1.524	47,8	1.808	51,1	1.974	47,6
Líkamleg vanræksla	157		169		182	
<i>Drengir</i>	82	52,2	89	52,7	95	52,2
<i>Stúlkur</i>	75	47,8	80	47,3	87	47,8
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.726		3.077		3.644	
<i>Drengir</i>	1.418	52,0	1.507	49,0	1.897	52,1
<i>Stúlkur</i>	1.308	48,0	1.570	51,0	1.747	47,9
Þar af foreldrar í áfengis- og fíkniefnaneyslu	1.062		1.221		1.550	
<i>Drengir</i>	545	51,3	573	46,9	796	51,4
<i>Stúlkur</i>	517	48,7	648	53,1	754	48,6

Vanræksla varðandi nám	152		147		184	
<i>Drengir</i>	95	62,5	86	58,5	116	63,0
<i>Stúlkur</i>	57	37,5	61	41,5	68	37,0
Tilfinningaleg vanræksla	225		240		304	
<i>Drengir</i>	114	50,7	104	43,3	178	58,6
<i>Stúlkur</i>	111	49,3	136	56,7	126	41,4
Ofbeldi						
<i>Drengir</i>	898	48,9	1.059	48,5	1.356	49,4
<i>Stúlkur</i>	940	51,1	1.126	51,5	1.389	50,6
Tilfinningalegt ofbeldi	1.125		1.444		1.783	
<i>Drengir</i>	560	49,8	714	49,4	912	51,1
<i>Stúlkur</i>	565	50,2	731	50,6	871	48,9
Þar af heimilisofbeldi	547		705		837	
<i>Drengir</i>	267	48,8	348	49,4	447	53,4
<i>Stúlkur</i>	280	51,2	357	50,6	390	46,6
Líkamlegt ofbeldi	415		481		634	
<i>Drengir</i>	244	58,8	267	55,5	364	57,4
<i>Stúlkur</i>	171	41,2	214	44,5	270	42,6
Kynferðislegt ofbeldi	329		325		382	
<i>Drengir</i>	116	35,3	105	32,3	99	25,9
<i>Stúlkur</i>	213	64,7	220	67,7	283	74,1
Áhættuhegðun barna						
<i>Drengir</i>	1460	61,0	1.709	66,3	1.759	69,0
<i>Stúlkur</i>	933	39,0	869	33,7	789	31,0
Neysla barns á vímuefnum	458		510		454	
<i>Drengir</i>	259	56,6	319	62,5	291	64,1
<i>Stúlkur</i>	199	43,4	191	37,5	163	35,9
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	984		935		934	
<i>Drengir</i>	496	50,4	536	57,3	543	58,1
<i>Stúlkur</i>	488	49,6	399	42,7	390	41,8
Afbrot barns	468		567		544	
<i>Drengir</i>	343	73,3	433	76,4	425	78,1
<i>Stúlkur</i>	125	26,7	134	23,6	119	21,9


Barn beitir ofbeldi	364		442		530	
<i>Drengir</i>	298	81,9	339	76,7	447	84,3
<i>Stúlkur</i>	66	18,1	103	23,3	83	15,7
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	180		218		172	
<i>Drengir</i>	98	54,4	130	59,6	104	60,5
<i>Stúlkur</i>	82	45,6	88	40,4	68	39,5
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	89	1,2	66	0,8	125	1,3
Tilkynningar alls	7.505	100,0	8.370	100	9.570	100
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	358	100,0	495	100	673	100
<i>Drengir</i>	177	49,5	246	49,7	355	52,7
<i>Stúlkur</i>	173	48,3	239	48,3	297	44,1
<i>Ekki vitað³</i>	8	2,2	10	2,0	21	3,1

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Ástæða tilkynningar



Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	44	0,6	37	0,4	54	0,6
Ættingjar	456	6,1	402	4,8	560	5,9
Nágrannar	506	6,7	574	6,9	802	8,4
Önnur barnaverndarnefnd	92	1,2	140	1,7	174	1,8
Félagsþjónusta/þjónustumiðstöð	186	2,5	237	2,8	234	2,4
Lögregla	3.277	43,7	3.681	44,0	3.717	38,8
Skólaþjónusta	850	11,3	1003	12,0	1060	11,1
Leikskóli/dagforeldri	170	2,3	161	1,9	200	2,1
Heilbrigðisþjónusta	753	10,0	851	10,2	953	10,0
Foreldrar barns	585	7,8	588	7,0	741	7,7
Aðrir	586	7,8	696	8,3	1075	11,2
Samtals	7.505	100,0	8.370	100	9570	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	29	22,5	21	20,4	24	20,5
Önnur meðferðarheimili*	17	13,2	15	14,6	9	7,7
MST	83	64,3	67	65,0	84	71,8
Samtals	129	100	103	100	117	100

* Laugaland eða Lækjarbakki

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	44	34,1	42	40,8	37	31,6
Nágrenni Reykjavíkur ¹	43	33,3	25	24,3	32	27,4
Landsbyggð	42	32,6	36	35,0	48	41,0
Samtals	129	100,0	103	100,0	117	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	80	62,0	68	66,0	72	61,5
Stúlkur	49	38,0	35	34,0	45	38,5
Samtals	129	100,0	103	100,0	117	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	51	56,0	77	63,6	66	55,5
Varanlegt	21	23,1	23	19,0	32	26,9
Styrkt	19	20,9	21	17,4	21	17,6
Samtals	91	100,0	121	100,0	119	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	28	30,8	47	38,8	50	42,0
Nágrenni Reykjavíkur ¹	27	29,7	32	26,4	29	24,4
Landsbyggð	36	39,5	42	34,7	40	33,6
Samtals	91	100,0	121	100,0	119	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	50	54,9	63	52,1	61	51,3
Stúlkur	41	45,1	58	47,9	57	47,9
Ekki vitað ¹	0	0	0	0	1	0,8
Samtals	91	100,0	121	100,0	118	100,0

¹ Beiðni um fösturheimili geta borist vegna ófæðra barna

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu níu mánuðir 2018	Fyrstu níu mánuðir 2019	Fyrstu níu mánuðir 2020
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	173	163	228
a. Skýrslutökur	91	88	149
Vegna kynferðislegs ofbeldis	59	61	73
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	32	27	76
b. Könnunarviðtöl	82	75	79
Þar af við fylgdarlaus börn	0	2	2
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila ³	0	3	0
Greiningar- og meðferðarviðtöl	85	84	99
Læknisskoðanir	8	3	0

Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í tveimur tilvikum á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 og sex tilvikum á fyrstu níu mánuðum ársins 2020.

Kyn barna í Barnahúsi¹

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	75	43,4	55	33,7	85	37,3
Stúlkur	98	56,6	108	66,3	143	62,7
Samtals	173	100,0	163	100,0	228	100,0

¹ Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Lokuð deild á Stuðlum

Lokuð deild á Stuðlum¹

	Fyrstu níu mánuðir 2018	Fyrstu níu mánuðir 2019	Fyrstu níu mánuðir 2020
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	182	159	124
Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl.	1.040	883	597
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	72
Fjöldi einstaklinga	69	65	58

Kyn barna á lokaðri deild á Stuðlum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	39	56,5	41	63,1	43	74,1
Stúlkur	30	43,5	24	36,9	15	25,9
Samtals	69	100,0	65	100,0	58	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu níu mánuðir 2018		Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	29	53,7	20	54,1	16	42,1
Vesturland	5	9,3	3	8,1	2	5,3
Vestfirðir	1	1,8	1	2,7	2	5,3
Norðurland	5	9,3	5	13,5	5	13,2
Austurland	6	11,1	0	0,0	3	7,9
Suðurland	7	13,0	4	10,8	7	18,4
Reykjanes	1	1,8	4	10,8	3	7,9
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	0	0
Samtals	54	100,0	37	100,0	38	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarshreppur.